

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 1286/2014**

**frá 26. nóvember 2014**

**um lykilupplýsingaskjöl fyrir pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta (PRIIP)**

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum Seðlabanka Evrópu <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins <sup>(2)</sup>,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Almennum fjárfestum er í auknum mæli boðnar fjölbreytilegar pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir þegar þeir hyggjast fjárfesta. Sumar þessara afurða veita sértækar fjárfestingalausnir sem sniðnar eru að þörfum almennra fjárfesta, eru oft tengdar váttryggingavernd eða geta verið flóknar og erfiðar að skilja. Núverandi upplýsingagjöf til almennra fjárfesta um slíkar pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir er ekki samræmd og auðveldar þeim ekki alltaf að bera saman ólíkar afurðir eða skilja eiginleika þeirra. Þar af leiðandi hafa almennir fjárfestar oft fjárfest án þess að skilja meðfylgjandi áhættu og kostnað og hafa stundum orðið fyrir ófyrirséðu tapi.
- 2) Aukið gagnsæi pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða sem eru boðnar almennum fjárfestum er mikilvæg ráðstöfun til að vernda fjárfesta og skilyrði fyrir því að endurreisa traust almennra fjárfesta á fjármálamarkaði, einkum í kjölfar fjármálakreppunnar. Fyrstu skrefin í þessa átt hafa þegar verið tekin á vettvangi Sambandsins með þróun lykilupplýsingakerfis fyrir fjárfesta sem komið var á fót með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB<sup>(3)</sup>.
- 3) Tilvist mismunandi reglna um pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta, sem eru breytilegar eftir þeim atvinnugreinum sem bjóða slíkar afurðir, og mismunandi landsbundnum reglum á þessu sviði, skapa ójafna samkeppnisstöðu milli ólíkra afurða og dreifingarleiða, svo og viðbótarhindranir, á innri markaðinum fyrir

---

<sup>(1)</sup> Stjtuð. ESB C 70, 9.3.2013, bls. 2.

<sup>(2)</sup> Stjtuð. ESB C 11, 15.1.2013, bls. 59.

<sup>(3)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnisýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtuð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

fjármálaþjónustu og -afurðir. Aðildarríki hafa þegar gripið til mismunandi og ósamhæfðra aðgerða til að takast á við ófullnægjandi ráðstafanir til að vernda fjárfesta og búast má við að svo verði áfram. Mismunandi aðferðir við upplýsingagjöf varðandi pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta standa í vegi fyrir jöfnum samkeppnisskilyrðum ólíkra framleiðenda slíkra afurða og þeirra sem veita ráðgjöf eða selja þessar afurðir og raska því samkeppni og leiða til þess að vernd fjárfesta innan Sambandsins er ójöfn. Slík sundurleitni er þrándur í götu stofnunar og snurðulausrar starfsemi innri markaðarins.

- 4) Til að koma í veg fyrir sundurleitni er nauðsynlegt að koma á samræmdum reglum um gagnsæi á vettvangi Sambandsins sem gilda um alla þátttakendur á markaði með pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta og efla þannig vernd almennra fjárfesta. Þörf er á reglugerð til að tryggja að sameiginlegur staðall fyrir lykilupplýsingaskjöl verði innleiddur á samræmdan hátt til að hægt sé að samhæfa form og efni þessara skjala. Reglugerð sem gildir án frekari lögfestingar ætti að tryggja að allir þeir sem veita ráðgjöf um eða selja pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta falli undir samræmdar kröfur að því er varðar lykilupplýsingaskjal sem gert er tiltækt almennum fjárfestum. Reglugerð þessi hefur ekki áhrif á eftirlit með auglýsingum. Hún hefur enn fremur ekki áhrif á ráðstafanir til afurðainngripa aðrar en þær sem tengjast váttryggingatengdum fjárfestingarafurðum.
- 5) Þótt bætt upplýsingagjöf varðandi pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sé mjög mikilvæg til að endurvekja traust almennra fjárfesta á fjármála markaðinum er skilvirk stýring á sóluferli þessara afurða jafn mikilvæg. Reglugerð þessi kemur til fyllingar ráðstöfunum um dreifingu í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB<sup>(4)</sup>. Hún kemur einnig til fyllingar ráðstöfunum sem gerðar eru um dreifingu á váttryggingarafurðum í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB<sup>(5)</sup>.
- 6) Reglugerð þessi ætti að gilda um allar afurðir, óháð formi þeirra eða gerð, sem fjármálaþjónustufyrirtæki framleiða til að skapa almennum fjárfestum fjárfestingartækifæri þegar fjárhæðin, sem á að endurgreiða almenna fjárfestinum, er með fyrirvara um sveiflur vegna áhættu gagnvart viðmiðunargildi eða með fyrirvara um frammistöðu einnar eða fleiri eigna sem almennur fjárfestir hefur ekki keypt með beinum hætti. Að því er þessa reglugerð varðar ættu þessar afurðir að kallast pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta og ættu, meðal annars, að innihalda fjárfestingarafurðir eins og fjárfestingarsjóði, líftryggingar með fjárfestingarþætti, sérhannaðar afurðir og samsettar innstæður. Fjármálagerningar sem félög með sérstakan tilgang hafa gefið út og eru í samræmi við skilgreininguna á pökkuðum og váttryggingatengdum fjárfestingarafurðum fyrir almenna fjárfesta ættu einnig að falla undir gildissvið þessarar reglugerðar. Fjárfestingar eru, að því er varðar allar þessar afurðir, ekki beinar fjárfestingar eins og við kaup á eða hlutdeild í eignum. Afurðir þessar tengja í staðinn saman almennan fjárfesti og markaði með því að eignir eru pakkaðar eða settar saman í því skyni að búa til annars konar áhættu, annars konar eiginleika afurðar eða að ná fram annars konar kostnaðarsamsetningu í samanburði við beina eignarhlutdeild. Slík pökkun getur gert almennum fjárfestum kleift að taka þátt í fjárfestingarstefnu sem væri að öðrum kosti óaðgengileg eða óhentug en getur einnig leitt til þess að viðbótarupplýsingar verði gerðar aðgengilegar, einkum til að hægt sé að bera saman tvær mismunandi leiðir við að pakka fjárfestingum.
- 7) Váttryggingarafurðir sem bjóða ekki upp á fjárfestingartækifæri og innlán sem eru einvörðungu háð vöxtum ættu að falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar til að tryggja að reglugerð þessi gildi aðeins um pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta. Hugtakið „fjármagn“ merkir, ef um er að ræða líftryggingarafurðir, fjármagn sem er fjárfest að beiðni almenna fjárfestisins. Þar að auki ættu innlán eða skírteini sem standa fyrir hefðbundin innlán, önnur en samsett innlán, eins og þau eru skilgreind í 43. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, að falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar. Eignir sem eru í beinni eigu, eins og hlutabréf í fyrirtækjum eða ríkisskuldabréf, eru ekki pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta og ættu því að falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar. Fjárfestingarsjóðir sem sérstaklega eru ætlaðir stofnanafjárfestum falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar þar sem þeir eru ekki í sölu til almennra fjárfesta. Einstakar og starfstengdar lífeyrisafurðir, sem landslög viðurkenna að hafi að meginmarkmiði að veita fjárfestinum tekjur eftir starfslok, ættu að falla utan gildissviðs þessarar

<sup>(4)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjútíð ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

<sup>(5)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB frá 9. desember 2002 um miðlun váttrygginga (Stjútíð. EB L 9, 15.1.2003, bls. 3).

reglugerðar, að teknu tilliti til sérkenna þeirra og markmiða en hins vegar ættu aðrar uppsafnaðar, einstakar váttryggingarafurðir eða sparnaðarafurðir sem bjóða fjárfestingartækifæri að falla undir þessa reglugerð.

- 8) Reglugerð þessi hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkja til að setja reglur um veitingu lykilupplýsinga um afurðir sem falla utan gildissviðs hennar. Í samræmi við umboð til neytendaverndar skv. 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 <sup>(6)</sup>, og samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 <sup>(7)</sup> og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 <sup>(8)</sup>, ættu Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin) og Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), sem komið var á fót með þeim reglugerðum, að hafa eftirlit með afurðum sem falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar og ættu, þegar við á, að gefa út viðmiðunarreglur til að bregðast við vandamálum sem upp koma. Taka ætti tillit til slíkra viðmiðunarreglna við endurskoðun, sem skal fara fram fjórum árum eftir gildistöku þessarar reglugerðar, á hugsanlegri rýmkun gildissviðsins og afnámi ákveðinna undanþága
- 9) Nauðsynlegt er að staðfesta, í því skyni að skýra tengslin milli skuldbindinga sem komið er á með þessari reglugerð og skuldbindinga sem komið er á með öðrum lagagerðum þar sem krafa er gerð um miðlun upplýsinga til fjárfesta, þ.m.t. en þó ekki eingöngu tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB <sup>(9)</sup> og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB <sup>(10)</sup>, að þessar lagagerðir gildi áfram til viðbótar við þessa reglugerð.
- 10) Aðildarríki ættu, til að tryggja snuðulaust og skilvirkt eftirlit með reglufylgni við kröfur þessarar reglugerðar, að tilnefna lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á því eftirliti. Lögbær yfirvöld hafa í mörgum tilvikum þegar verið tilnefnd til að hafa eftirlit með öðrum skuldbindingum framleiðenda, söluaðila og ráðgjafa pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta sem komu til vegna annarra ákvæða landslaga og laga Sambandsins.
- 11) Veita ætti lögbærum yfirvöldum, samkvæmt beiðni og jafnframt fyrirfram, allar nauðsynlegar upplýsingar til að sannprófa efni lykilupplýsingaskjalanna til að meta reglufylgni við þessa reglugerð og til að tryggja vernd viðskiptavina og fjárfesta á fjármálamörkuðum.
- 12) Framleiðendur pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta — svo sem sjóðsstjórar, váttryggingafélög, lánastofnanir eða fjárfestingarfyrirtæki — ættu að semja lykilupplýsingaskjal fyrir pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem þeir framleiða þar sem þeir eru í bestri aðstöðu til að þekkja afurðina. Þeir ættu einnig að bera ábyrgð á því að lykilupplýsingaskjalið sé nákvæmt. Framleiðandi pakkaðrar og váttryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta ætti að semja lykilupplýsingaskjalið áður en hægt er að selja almennum fjárfestum afurðina. Hins vegar ætti ekki að vera skylda að semja lykilupplýsingaskjal ef afurð er ekki seld almennum fjárfestum og ætti að vera hægt að veita öðrum umboð til að sinna þessu verkefni ef óhentugt er fyrir framleiðanda pakkaðrar og váttryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta að semja lykilupplýsingaskjalið. Skuldbindingarnar samkvæmt þessari reglugerð, sem mælt er fyrir um í ákvæðunum um gerð lykilupplýsingaskjalsins og reglnanna um endurskoðun þess, ættu aðeins að gilda um framleiðanda pakkaðrar og váttryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta og ættu að gilda áfram eins lengi og afurðin er seld á eftirmarkaði. Reglugerð þessi ætti að kveða á um útgáfu framleiðanda pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta á lykilupplýsingaskjölum á vefsetri sínu til að tryggja víðtæka dreifingu

---

<sup>(6)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtuð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

<sup>(7)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtuð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

<sup>(8)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtuð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

<sup>(9)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útbóðs- og skráningarlyfningu sem birta skal við almennt útbóð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtuð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64).

<sup>(10)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtuð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).

lykilupplýsingaskjala og aðgengi að þeim.

- 13) Nauðsynlegt er, til að mæta þörfum almennra fjárfesta, að tryggja að upplýsingar um pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta séu nákvæmar, áreiðanlegar, skýrar og ekki misvísandi fyrir þessa almennu fjárfesta. Reglugerð þessi ætti því að mæla fyrir um sameiginlega staðla sem varða gerð draga að lykilupplýsingaskjalinu til að tryggja að almennir fjárfestar skilji það. Gefa ætti sérstakan gaum að orðnotkun og stílbragði sem notað er í skjalinu þar eð margir almennir fjárfestar eiga erfitt með að skilja orðfæri sérfræðinga á fjármálasviði. Einnig skal mæla fyrir um reglur um á hvaða tungumáli lykilupplýsingaskjalið ætti að vera samið á. Enn fremur ættu almennir fjárfestar að geta skilið lykilupplýsingaskjalið eitt og sér án þess að þurfa að leita í aðrar upplýsingar sem eru ekki markaðstengdar.
- 14) Evrópsku eftirlitsstofnanirnar ættu að tryggja, þegar þær þróa tækniastaðla fyrir efni lykilupplýsingaskjalsins, að það endurspegli nákvæmlega fjárfestingarstefnur afurðarinnar og markmið hennar í samræmi við þessa reglugerð, að framleiðandi pakkaðrar og váttryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta noti auðlæsilegt og auðskiljanlegt mál sem er aðgengilegt almennum fjárfestum og að lýsingin á því hvernig fjárfestingarmarkmiðum er náð, þ.m.t. lýsing á fjármálagerningum sem notaðir eru, forðist fagmál og iðorð fjármálageirans sem almennir fjárfestar hafa ekki á valdi sínu.
- 15) Veita ætti almennum fjárfestum nauðsynlegar upplýsingar til að þeir geti tekið upplýsta fjárfestingarákvörðun og borið saman mismunandi pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir, en sú hættu er fyrir hendi að þeir muni ekki nota upplýsingarnar nema þær séu stuttar og gagnorðar. Því ætti lykilupplýsingaskjalið aðeins að innihalda lykilupplýsingar, einkum að því er varðar eðli og eiginleika afurðarinnar, þ.m.t. hvaða líkur séu á að tapa fé, kostnað og áhættulýsingu afurðarinnar, svo og viðeigandi upplýsingar um árangur og tiltekna aðrar sértækar upplýsingar sem gætu verið nauðsynlegar til að skilja eiginleika einstakra afurðategunda.
- 16) Nú þegar hefur hafist þróun á fjárfestingarafurðareiknum á landsvísu. Reiknarnir ættu þó, til að neytendur hafi eins mikil not af þeim og kostur er, að ná yfir kostnað og gjöld sem framleiðendur pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta leggja á og einnig frekari kostnað og gjöld sem milliliðir eða aðrir í fjárfestingakeðjunni, sem eru ekki þegar meðal framleiðenda afurðanna, leggja á. Framkvæmdastjórnin ætti að greina frá því hvort þessi úrræði séu tiltæk á Netinu í hverju aðildarríki og veiti áreiðanlega og nákvæma útreikninga á samanlögðum kostnaði og gjöldum fyrir allar afurðir sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar.
- 17) Semja ætti lykilupplýsingaskjalið á stöðluðu sniði sem gerir almennum fjárfestum kleift að bera saman mismunandi pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir, þar eð hegðun og möguleikar neytenda eru þannig að form, framsetning og efni upplýsinganna verða að vera vel unnin til að hámarka skilning og notkun þeirra. Róð liða og fyrirsagnir ættu að vera eins fyrir hvert skjal. Þar að auki ætti að samræma frekar nánari lýsingu á upplýsingunum sem fella á inn í lykilupplýsingaskjalið fyrir mismunandi pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta, með tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem tekið er tillit til yfirstandandi og áframhaldandi rannsókna á hegðun neytenda, þ.m.t. niðurstaðna frá prófun á skilvirkni mismunandi aðferða við framsetningu upplýsinga til neytenda. Þar að auki veita sumar pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir almennum fjárfestum kost á að velja milli margvíslegra undirliggjandi fjárfestinga, svo sem sjóða í vörslu váttryggingafélaga. Taka ætti tillit til þessara afurða þegar formið er dregið upp.
- 18) Lykilupplýsingaskjalið ætti, þegar við á, að innihalda greinilega viðvörðun til almenns fjárfestis þar eð sumar fjárfestingarafurðir sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar eru flóknar og almennum fjárfestum gæti reynst erfitt að skilja þær. Meta ætti afurð sem flókna og sem illskiljanlega, einkum ef hún fjárfestir í undirliggjandi eignum sem almennir fjárfestar fjárfesta ekki í að jafnaði, ef hún notar margskonar aðferðir við útreikning á endanlegri ávöxtun af fjárfestingunni og skapar þannig meiri hættu á misskilningi hjá almennum fjárfestum eða ef hagnaður fjárfestingarinnar er til kominn vegna ófaglegrar hegðunar almenns fjárfestis, svo sem lágum upphafsvöxtum (e. *teaser rate*) sem í kjölfarið fylgja miklu hærri breytilegir skilyrtir vextir eða endurtekningarmarkmið.
- 19) Almennir fjárfestar leita í auknum mæli eftir öðrum tilgangi en fjárhagslegri ávöxtun með fjárfestingum sínum, svo sem félagslegum eða umhverfislegum markmiðum. Upplýsingar um félagslegan eða umhverfislegan árangur, sem

framleiðandi pakkaðrar og váttryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta leitar eftir, geta verið erfiðar í samanburði eða ófáanlegar. Því gæti fyrirhuguð sjálfbær umhverfisleg og félagsleg þróun í fjárfestingum, sem og beiting reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013<sup>(1)</sup>, orðið til þess að slíkir þættir yrðu felldir á betri hátt inn í lög Sambandsins og eflidir á þeim vettvangi. Þó eru engin staðfest viðmið og heldur engin formleg aðferð við að sannreyna slík félagsleg eða umhverfisleg viðmið á hlutlægan hátt, á sama hátt og þegar er gert í matvælageiranum. Því er æskilegt að framkvæmdastjórnin athugi gaumgæfilega, við endurskoðun þessarar reglugerðar, þróun sem varðar félagslegar og umhverfislegar fjárfestingarafurðir og niðurstöðu endurskoðunar á reglugerð (ESB) nr. 346/2013.

- 20) Lykilupplýsingaskjalið ætti að vera auðgreinanlegt og aðskilið frá markaðsefni.
- 21) Krefjast ætti þess af framleiðendum pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta að þeir uppfæri lykilupplýsingaskjalið til að tryggja að upplýsingarnar í því séu dagréttar. Því er nauðsynlegt að setja ítarlegar reglur sem varða skilyrði og tíðni endurskoðunar á upplýsingunum og endurskoðun á lykilupplýsingaskjalinu í tæknilegum eftirlitsstöðlum sem framkvæmdastjórnin samþykkir.
- 22) Lykilupplýsingaskjöl eru grundvöllur fjárfestingarákvarðana almennra fjárfesta. Af þeirri ástæðu bera framleiðendur pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða umtalsverða ábyrgð gagnvart almennum fjárfestum á því að tryggja að þau séu ekki misvísandi, ónákvæm eða ekki í samræmi við viðeigandi hluta samningsskjala pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta. Því er mikilvægt að tryggja að almennir fjárfestar hafi fullan rétt á úrlausn deilumála. Einnig ætti að tryggja að allir almennir fjárfestar í Sambandinu hafi sama rétt til að fara fram á bætur fyrir skaða sem þeir hafa orðið fyrir vegna vanrækslu á hlítinu við þessa reglugerð. Því ætti að samræma reglur varðandi einkaréttarábyrgð framleiðenda pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta. Almennir fjárfestar ættu að geta látið framleiðanda pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða sæta ábyrgð fyrir brot á þessari reglugerð þegar skaði hlýst af vegna þess að treyst var á lykilupplýsingaskjal sem er ekki í samræmi við skjöl sem voru birt áður en samningar voru gerðir eða samningsskjöl í vörslu framleiðanda pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta eða er misvísandi eða ónákvæmt.
- 23) Mál sem varða einkaréttarábyrgð framleiðanda pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta, sem ekki falla undir þessa reglugerð, ættu að falla undir gildandi landslög. Ákvarða ætti dómstólinn sem er hæfur til að taka ákvörðun um kröfu almenns fjárfestis um einkaréttarábyrgð í samræmi við viðeigandi reglur alþjóðlegrar lögsögu.
- 24) Reglugerð þessi innleiðir ekki heimild (e. *passport*) sem gerir aðilum kleift að selja eða markaðssetja pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir yfir landamæri til almennra fjárfesta, né breytir hún fyrirbyggjandi fyrirkomulagi heimilda til sölu eða markaðssetningar á pökkudum og váttryggingatengdum fjárfestingarafurðum fyrir almenna fjárfesta yfir landamæri, ef slíkt er til staðar. Reglugerð þessi breytir ekki skiptingu ábyrgðar milli núverandi lögbærra yfirvalda samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum til að stunda starfsemi yfir landamæri. Lögbær yfirvöld sem aðildarríki tilnefna, að því er varðar þessa reglugerð, ættu því að vera samstillt þeim yfirvöldum sem eru lögbær fyrir markaðssetningu pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta samkvæmt fyrirbyggjandi heimild, ef slíkt er til staðar. Lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem pakkaða og váttryggingatengda fjárfestingarafurðin fyrir almenna fjárfesta er sett á markað ætti að bera ábyrgð á eftirliti með markaðssetningu viðkomandi afurðar. Lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem afurðin er sett á markað ætti alltaf að hafa rétt til að stöðva tímabundið markaðssetningu pakkaðrar og váttryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta á yfirráðasvæði sínu þegar ekki er farið að ákvæðum þessarar reglugerðar.
- 25) Valdheimildir Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar og viðkomandi lögbærra yfirvalda ætti að auka með skýru fyrirkomulagi sem gerir kleift að banna eða takmarka markaðssetningu, dreifingu og sölu váttryggingatengdra fjárfestingarafurða sem valda verulegum erfiðleikum að því er varðar vernd fjárfesta, eðlilega starfsemi og heilleika fjármálamarkaða eða stöðugleika fjármálakerfisins í heild eða að hluta til, ásamt viðeigandi

---

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013 frá 17. apríl 2013 um evrópska félagslega framtakssjóði (Stjútíð. ESB L 115, 25.4.2013, bls. 18).

samræmingu og viðbragðsvörnum fyrir Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina. Valdheimildir þessar ættu einnig að endurspeglar valdheimildir sem eru veittar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014<sup>(12)</sup> til að tryggja að hægt sé að beita slíkri tilhögun til inngripa á allar fjárfestingarafurðir, án tillits til lagalegs forms þeirra. Beiting lögbærra yfirvalda og, í undantekningartilvikum, Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar á slíkum valdheimildum ætti að vera með fyrirvara um þörfina á að uppfylla ákveðin sértæk skilyrði. Lögbært yfirvald og, í undantekningartilvikum, Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin ættu, þegar þessi skilyrði eru uppfyllt, að geta sett á bann eða takmörkun sem varúðarráðstöfun áður en váttryggingatengd fjárfestingarafurð hefur verið sett á markað, henni dreift eða hún seld til fjárfesta. Valdheimildir þessar fela ekki í sér kröfur um að taka upp eða beita afurðaviðurkenningu eða leyfisveitingu af hálfu lögbærra yfirvaldsins eða Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar og losa framleiðanda váttryggingatengdra fjárfestingarafurða ekki undan þeirri skyldu sinni að fara að öllum viðeigandi kröfum þessarar reglugerðar. Enn fremur ætti einungis að nota þessar valdheimildir í þágu almannahagsmuna og ættu þær ekki að hafa í för með sér einkaréttarábyrgð af hálfu lögbærra yfirvalda.

- 26) Til að almennur fjárfestir geti tekið upplýsta ákvörðun um fjárfestingar ætti að krefjast þess af aðilum sem veita ráðgjöf um eða selja pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta að þeir afhendi lykilupplýsingaskjalið með góðum fyrirvara áður en gengið er frá viðskiptunum. Krafa þessi ætti að gilda án tillits til hvar eða hvernig viðskiptin fara fram. Þó er heimilt, þegar viðskiptin fara fram um fjarsamskiptamiðil, að afhenda lykilupplýsingaskjalið þegar í stað að loknum viðskiptum að því gefnu að ekki sé unnt að afhenda lykilupplýsingaskjalið fyrirfram og að almenni fjárfestirinn sé því samþykkuð. Aðilar sem veita ráðgjöf um eða selja pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta eru meðal annars milliliðir og framleiðendur pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða, þegar framleiðendur pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta velja að veita ráðgjöf um eða selja pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir beint til almennra fjárfesta. Reglugerð þessi er með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB<sup>(13)</sup> og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB<sup>(14)</sup>.
- 27) Mæla skal fyrir um samræmdar reglur til að veita aðila sem veitir ráðgjöf um eða selur pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta ákveðið val að því er varðar miðilinn sem lykilupplýsingaskjalið er afhent almennum fjárfestum á og gefa þannig færi á rafrænum fjarskiptum þegar við á og með tilliti til aðstæðna við viðskiptin. Almenni fjárfestirinn ætti þó að eiga kost á að taka við því á pappír. Ávallt ætti að afhenda lykilupplýsingaskjalið endurgjaldslaust, í þágu aðgengis neytenda að upplýsingum.
- 28) Til að tryggja að almennir fjárfestar hafi tiltrú á pökkunum og váttryggingatengdum fjárfestingarafurðum og fjármálamörkuðum í heild ætti að gera kröfur um viðeigandi innri verkferla sem tryggja að almennir fjárfestar fái efnisleg svör við kvörtunum frá framleiðendum pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta.
- 29) Þar eð aðilar sem starfa á banka-, váttrygginga-, verðbréfa- og sjóðamarkaði ættu að semja lykilupplýsingaskjölín fyrir pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta, er afar mikilvægt að tryggja skilvirkt samstarf milli hinna ýmsu yfirvalda sem hafa eftirlit með framleiðendum pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða og aðila sem veita ráðgjöf um eða selja pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta svo að þeir hafi sameiginlega nálgun við beitingu þessarar reglugerðar.

---

<sup>(12)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtuð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

<sup>(13)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafræna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum (tilskipun um rafræn viðskipti) (Stjtuð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1).

<sup>(14)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur og um breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EEB og á tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB (Stjtuð. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16).

- 30) Mikilvægt er að aðildarríki geri nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að brot á þessari reglugerð falli undir viðeigandi stjórnsýsluviðurlög í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 8. desember 2010 sem ber heitið „Efling fyrirkomulags um viðurlög á sviði fjármálaþjónustu“ og til að tryggja að kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar. Til að tryggja að viðurlög hafi letjandi áhrif og efla vernd fjárfesta með því að vara þá við pökkuðum og váttryggingatengdum fjárfestingarafurðum fyrir almenna fjárfesta sem eru markaðssettar í bága við þessa reglugerð, ætti að öllu jöfnu að birta viðurlög og aðrar ráðstafanir nema við ákveðnar og vel skilgreindar aðstæður.
- 31) Ekki ætti að gera kröfu um að aðildarríki setji reglur um stjórnsýsluviðurlög vegna brota á þessari reglugerð sem falla undir landsbundinn refsirétt, þótt aðildarríkjum sé heimilt að setja reglur um stjórnsýslu- og refsiviðurlög fyrir sömu brot. Í samræmi við landslög ber aðildarríkjum ekki skylda til að beita bæði stjórnsýslu- og refsiviðurlögum fyrir sama brot en þau ættu að geta gert það ef heimild er fyrir slíku í landslögum. En ef refsiviðurlögum er beitt í stað stjórnsýsluviðurlaga við brotum gegn þessari reglugerð ætti slíkt ekki að draga úr eða hafa að öðru leyti áhrif á möguleika lögbærra yfirvalda til að starfa saman, hafa aðgang að og skiptast tímanlega á upplýsingum við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum í tengslum við þessa reglugerð, einnig eftir að viðkomandi brotum hefur verið vísað til saksóknar hjá lögbærum dómeyfirvöldum.
- 32) Til að uppfylla markmið þessarar reglugerðar og skilyrðin fyrir því að Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og lögbær yfirvöld geti beitt íhlutunarvaldi sínu ætti að framselja valdheimildir til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar upplýsingar um verklag sem notað er til að ákvarða hvort pökkuð og váttryggingatengd fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta hafi sértæk markmið á sviði umhverfis- og félagsmála. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 33) Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum, sem evrópsku eftirlitsstofnanirnar hafa þróað fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, að því er varðar framsetningu og efni lykilupplýsingaskjalsins, staðlað form lykilupplýsingaskjalsins, aðferðina sem notuð er við framsetningu á áhættu og ávinningi og útreikningi kostnaðar, svo og skilyrði og lágmarkstíðni endurskoðunar á upplýsingunum sem koma fram í lykilupplýsingaskjalinu og skilyrðin til að uppfylla kröfurnar um að afhenda almennum fjárfestum lykilupplýsingaskjalid í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010. Framkvæmdastjórnin ætti að bæta við tæknilega vinnu evrópsku eftirlitsstofnananna með því að gera neytendaprófanir á framsetningu lykilupplýsingaskjalsins, eins og evrópsku eftirlitsstofnanirnar leggja til.
- 34) Ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB<sup>(15)</sup> gilda um vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer í aðildarríkjunum í tengslum við þessa reglugerð og undir eftirliti lögbærra yfirvalda. Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001<sup>(16)</sup> gilda um vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer hjá evrópsku eftirlitsstofnununum samkvæmt þessari reglugerð og undir eftirliti Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar. Öll vinnsla persónuupplýsinga sem framkvæmd er innan ramma þessarar reglugerðar, s.s. skipti eða sending lögbærra yfirvalda á persónuupplýsingum, ætti að fara fram í samræmi við tilskipun 95/46/EB og öll skipti eða sending evrópsku eftirlitsstofnananna á upplýsingum ætti að fara fram í samræmi við reglugerð (EB) nr. 45/2001.
- 35) Verðbréfasjóðir (UCITS) teljast vera fjárfestingarafurðir í skilningi þessarar reglugerðar en þar sem nýlega voru gerðar kröfur um lykilupplýsingar fyrir fjárfesta samkvæmt tilskipun 2009/65/EB væri hóflegt að veita slíkum verðbréfasjóðum fimm ára umbreytingartímabil eftir gildistöku reglugerðar þessarar og á því tímabili myndu þeir ekki falla undir ákvæði hennar. Verðbréfasjóðir ættu að falla undir þessa reglugerð þegar umbreytingartímabilinu lýkur og það hefur ekki verið framlengt. Umbreytingartímabil þetta ætti einnig að gilda um rekstrarfélög, fjárfestingarfelög og aðila sem veita ráðgjöf um eða selja hlutdeildarskírteini í sjóðum sem ekki eru verðbréfasjóðir þegar aðildarríki beitir reglum um form og efni lykilupplýsingaskjalsins, eins og mælt er fyrir um í 78.–81. gr. tilskipunar 2009/65/EB, gagnvart slíkum sjóðum.

---

<sup>(15)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtuð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

<sup>(16)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtuð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

- 36) Endurskoðun á þessari reglugerð ætti að fara fram fjórum árum eftir gildistöku hennar til að taka mið af markaðspróun, t.d. tilkomu nýrra tegunda pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta, sem og þróun á öðrum sviðum laga Sambandsins og reynslu aðildarríkja. Í endurskoðuninni skal einnig meta hagkvæmni, kostnað og hugsanlegan ávinning af innleiðingu á merki fyrir félagslegar og umhverfislegar fjárfestingar. Enn fremur ætti í endurskoðuninni að meta hvort ráðstafanir sem hafa verið innleiddar hafi bætt skilning almennra meðalfjárfesta á pökkuðum og váttryggingatengdum fjárfestingarafurðum og samanburðarhæfi þeirra. Í henni ætti einnig að taka til athugunar hvort framlengja ætti umbreytingartímabilið sem gildir um verðbréfasjóði eða ákveðna sjóði sem ekki eru verðbréfasjóðir, eða hvort skoða mætti aðrar leiðir til að meðhöndla slíka sjóði. Að auki ætti að meta hvort viðhalda ætti undanþágum fyrir afurðir frá gildissviði þessarar reglugerðar í ljósi þess að þörf er fyrir trausta staðla á sviði neytendaverndar, þ.m.t. samanburð á fjármálaafurðum. Framkvæmdastjórnin ætti einnig, sem lið í endurskoðuninni, að gera markaðskönnun til að ákvarða hvort á markaði séu tiltæk reiknitól á Netinu sem gera almenna fjárfestinum kleift að reikna út samanlagðan kostnað og gjöld við pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir og hvort þessi verkfæri séu gerð aðgengileg án endurgjalds. Á grundvelli þessarar endurskoðunar ætti framkvæmdastjórnin að leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt tillögum að nýrri löggjöf, ef við á.
- 37) Framkvæmdastjórnin ætti, innan fjögurra ára frá gildistöku þessarar reglugerðar og með hliðsjón af yfirstandandi vinnu sem Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur tekist á hendur varðandi birtingu krafna um afurðaupplýsingar fyrir einstaklingsbundnar lífeyrisafurðir og með tilliti til sértækra eiginleika þessara afurða, að meta hvort viðhalda ætti undanþágu fyrir lífeyrisafurðir sem samkvæmt landslögum er ætlað að gegna því meginhlutverki að tryggja fjárfesti eftirlaunatekjur og sem veita honum rétt á tilteknum bótum. Framkvæmdastjórnin ætti í mati sínu að skoða hvort þessi reglugerð sé besta lagalega tilhögunin til að tryggja birtingu upplýsinga sem varða lífeyrisafurðir eða hvort önnur tilhögun um birtingu upplýsinga væri meira viðeigandi.
- 38) Kröfur þessarar reglugerðar ættu ekki að taka gildi fyrr en tveimur árum eftir dagsetningu gildistöku hennar í því skyni að gefa framleiðendum pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða og aðilum sem veita ráðgjöf um eða selja pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta nægan tíma til að undirbúa beitingu þeirra í reynd.
- 39) Í þessari reglugerð eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.
- 40) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að auka vernd almennra fjárfesta og stuðla að aukinni tiltrú þeirra á pökkuðum og váttryggingatengdum fjárfestingarafurðum fyrir almenna fjárfesta, þ.m.t. þegar þessar afurðir eru seldar yfir landamæri, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna áhrifa aðgerðarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykka ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.
- 41) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og skilaði hún álit (17),

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

#### 1. KAFLI

### **EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR**

#### 1. gr.

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um samræmdar reglur um form og efni lykilupplýsingaskjals sem framleiðendur pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta semja og um afhendingu lykilupplýsingaskjalsins til almennra fjárfesta til að gera þeim kleift að skilja og bera saman helstu eiginleika og áhættu viðkomandi pakkaðrar og váttryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta (PRIIP).

---

(17) Stjóð. ESB C 100, 6.4.2013, bls. 12.



2. gr.

1. Reglugerð þessi gildir um framleiðendur pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta og aðila sem veita ráðgjöf um eða selja slíkar afurðir.
2. Reglugerð þessi gildir ekki um eftirfarandi afurðir:
  - a) skaðatryggingarafurðir sem eru taldar upp í I. viðauka við tilskipun 2009/138/EB,
  - b) líftryggingarsamninga ef bætur samkvæmt viðkomandi samningi greiðast eingöngu við andlát eða þegar um er að ræða óvinnufærni vegna slysa, veikinda eða sjúkdóma,
  - c) innstæður, aðrar en samsettar innstæður eins og þær eru skilgreindar í 43. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
  - d) verðbréf sem um getur í b- til g-lið, i- og j-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2003/71/EB,
  - e) lífeyrisafurðir sem viðurkennt er samkvæmt landslögum að gegni því meginhlutverki að tryggja fjárfestinum eftirlaun og sem veita honum rétt á tilteknum bótum,
  - f) opinberlega viðurkennd starfstengd lífeyriskerfi sem falla undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB<sup>(18)</sup> eða tilskipunar 2009/138/EB,
  - g) einstakar lífeyrisafurðir sem krefjast fjárframlags frá atvinnurekanda samkvæmt landslögum og þar sem vinnuveitandinn eða starfsmaðurinn hefur ekkert val um lífeyrisafurðina eða veitanda hennar.

3. gr.

1. Þegar framleiðendur pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta sem falla undir þessa reglugerð falla jafnframt undir tilskipun 2003/71/EB gilda bæði þessi reglugerð og tilskipun 2003/71/EB.
2. Þegar framleiðendur pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta sem falla undir þessa reglugerð falla jafnframt undir tilskipun 2009/138/EB gilda bæði þessi reglugerð og tilskipun 2009/138/EB.

4. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „pökkuð fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta“ (PRIP): fjárfesting, þ.m.t. gerningar sem eru gefnir út af félögum með sérstakan tilgang, eins og skilgreind eru í 26. lið 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB eða af sérstökum verðbréfunaraðilum, eins og skilgreindir eru í an-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB<sup>(19)</sup>, þar sem fjárhæðin til endurgreiðslu til almenna fjárfestisins er, óháð formi fjárfestingarinnar að lögum, háð sveiflum sökum áhættu vegna viðmiðunargilda eða afkomu einnar eða fleiri eigna sem almenni fjárfestirinn kaupir ekki með beinum hætti,
- 2) „váttryggingatengd fjárfestingarafurð“: váttryggingarafurð sem býður upp á líftíma eða endurkaupsvirði þar sem líftíminn eða endurkaupsvirðið er að öllu leyti eða að hluta til, beint eða óbeint, háð markaðssveiflum,

---

<sup>(18)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB frá 3. júní 2003 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri (Stjtið. ESB L 235, 23.9.2003, bls. 10).

<sup>(19)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtið. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

- 3) „pökkuð og váttryggingatengd fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta“ (PRIIP): afurð sem er annað eða hvort tveggja af eftirfarandi:
  - a) pökkuð fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta,
  - b) váttryggingatengd fjárfestingarafurð,
- 4) „framleiðandi pakkaðrar og váttryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta“ (e. *PRIIP manufacturer*) er:
  - a) aðili sem framleiðir pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta,
  - b) aðili sem gerir breytingar á fyrirliggjandi pakkaðri og váttryggingatengdri fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta, þ.m.t. en ekki takmarkað við, að breyta áhættu og ávöxtun hennar eða kostnaðinum sem tengist fjárfestingu í henni,
- 5) „aðili sem selur pakkaða og váttryggingatengda fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta“: aðili sem býður eða gerir samning við almennan fjárfesti um pakkaða og váttryggingatengda fjárfestingarafurð,
- 6) „almennur fjárfestir“:
  - a) almennur fjárfestir, eins og hann er skilgreindur í 11. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
  - b) viðskiptavinur í skilningi tilskipunar 2002/92/EB, ef sá viðskiptavinur myndi ekki teljast fagfjárfestir, eins og skilgreindur er í 10. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- 7) „varanlegur miðill“: varanlegur miðill, eins og skilgreindur er í m-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/65/EB,
- 8) „lögbær yfirvöld“: landsbundin yfirvöld sem aðildarríki tilnefnir til að hafa eftirlit í tengslum við þær kröfur sem reglugerð þessi gerir til framleiðenda pakkaðrar og váttryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta og til aðila sem veita ráðgjöf um eða selja slíka afurð.

## *II. kafli*

### **LYKILUPPLÝSINGASKJAL**

#### *I. ÞÁTTUR*

##### ***Samning lykilupplýsingaskjals***

##### *5. gr.*

1. Áður en pökkuð og váttryggingatengd fjárfestingarafurð er boðin almennum fjárfestum skal framleiðandi hennar semja lykilupplýsingaskjal um afurðina í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar og birta skjalið á vefsíðu sinni.
2. Hverju aðildarríki er heimilt að krefja framleiðanda eða söluaðila pakkaðrar og váttryggingatengdrar fjárfestingarafurðar um fyrirfram tilkynningu um lykilupplýsingaskjalið til lögbæra yfirvaldsins fyrir pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta sem settar eru á markað í því aðildarríki.

#### *II. ÞÁTTUR*

##### ***Form og efni lykilupplýsingaskjals***

##### *6. gr.*

1. Lykilupplýsingaskjal skal fela í sér upplýsingar sem veittar eru áður en samningur er gerður (e. *pre-contractual information*). Þær skulu vera settar fram með sanngjörnum og skýrum hætti og ekki villandi. Það skal veita lykilupplýsingar og vera í samræmi við öll bindandi samningsskjöl, viðkomandi hluta tilboðsskjala og skilmála viðkomandi pakkaðrar og váttryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta.
2. Lykilupplýsingaskjalið skal vera sérstakt skjal, greinilega aðskilið frá markaðsefni. Í því skulu ekki vera vísanir í

markaðsefni. Heimilt er að það vísi til annarra skjala, þ.m.t. lýsingar þegar við á en aðeins þegar vísunin tengist upplýsingum sem þessi reglugerð kveður á um að séu í lykilupplýsingaskjalinu.

3. Þjóði viðkomandi pökkuð og váttryggingatengd fjárfestingarafurð hinum almenna fjárfesti ýmsa fjárfestingarkosti, og ekki er unnt að veita allar upplýsingar, sem krafist er í 3. mgr. 8. gr., um hvern undirliggjandi fjárfestingarmöguleika í stöku, gagnorðu og sérstöku skjali, skal lykilupplýsingaskjalið, þrátt fyrir 2. mgr., a.m.k. gefa almenna lýsingu á undirliggjandi fjárfestingarmöguleikum og tiltaka hvar og hvernig má fá skjöl með nánari upplýsingum, áður en samningur er gerður um þær fjárfestingarafurðir sem liggja til grundvallar hinum undirliggjandi fjárfestingarmöguleikum.

4. Lykilupplýsingaskjalið skal vera stutt og hnitmiðað og að hámarki þrjár A4-síður í prentaðri útgáfu, til að stuðla að samanburðarhæfi. Lykilupplýsingaskjalið skal:

- a) sett fram og hannað þannig að það sé auðvelt aflestrar og skulu bók- og tölustafir vera af læsilegri stærð,
- b) leggja áherslu á lykilupplýsingar sem almennir fjárfestar þurfa,
- c) vera skýrt orðað og skrifað á máli og með stíl sem auðveldar skilning á upplýsingunum, einkum á máli sem er skýrt, gagnort og skiljanlegt.

5. Ef litir eru notaðir í lykilupplýsingaskjalinu skulu þeir ekki draga úr skiljanleika, upplýsinganna ef lykilupplýsingaskjalið er prentað eða ljósritað í svarthvítu.

6. Ef firma- eða kennimerki framleiðanda pakkaðrar og váttryggingatengdrar fjárfestingarafurðar eða samstæðunnar sem hann tilheyrir er notað í lykilupplýsingaskjalinu skal það ekki draga athygli hins almenna fjárfestis frá upplýsingunum í skjalinu eða gera textann óskýran.

#### 7. gr.

1. Rita skal lykilupplýsingaskjalið á þeim opinberu tungumálum, eða á einu þeirra opinberu tungumála sem eru notuð í þeim hluta aðildarríkisins þar sem viðkomandi pakkaðri og váttryggingatengdri fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta er dreift eða á öðru tungumáli sem lögbær yfirvöld í því aðildarríki viðurkenna, eða þýða það á eitt af þessum tungumálum hafi það verið ritað á öðru tungumáli.

Þýðingin skal gefa áreiðanlega og nákvæma mynd af upprunalega lykilupplýsingaskjalinu.

2. Ef pökkuð og váttryggingatengd fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta er kynnt í aðildarríki með markaðssetningarskjölum sem eru rituð á einu eða fleiri opinberum tungumálum þess aðildarríkis skal lykilupplýsingaskjalið ritað á a.m.k. þeim opinberu tungumálum.

#### 8. gr.

1. Titillinn „Lykilupplýsingaskjal“ skal vera á áberandi stað efst á fyrstu síðu lykilupplýsingaskjalsins.

Framsetning lykilupplýsingaskjalsins skal vera í þeirri röð sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr.

2. Setja skal skýringu beint fyrir neðan titil lykilupplýsingaskjalsins. Hún skal hljóða svo:

„Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar um þessa fjárfestingarafurð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingagjöfin er lögbundin og í þeim tilgangi að hjálpa þér að skilja eðli, áhættu, kostnað, hugsanlegan ávinning og tap af afurðinni og hjálpa þér að bera hana saman við aðrar afurðir.“

3. Lykilupplýsingaskjalið skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- a) í upphafi skjalsins skulu koma fram heiti afurðarinnar, auðkenni framleiðanda hennar og samskiptaupplýsingar, ásamt upplýsingum um lögbært yfirvald framleiðanda afurðarinnar og dagsetning skjalsins,

- b) eftir atvikum, viðvörðun um skilning sem skal setja fram með eftirfarandi hætti: „Þú ert við það að gera samning um afurð sem er ekki einföld og erfitt gæti verið að skilja.“
- c) undir lið sem ber titilinn „Hvað er þessi afurð?“, eðli og helstu eiginleikar pakkaðrar og váttryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta, þ.m.t.:
- i. tegund afurðar,
  - ii. markmið hennar og leiðir til að ná þeim, einkum hvort markmiðunum sé náð með beinni eða óbeinni fjárfestingu í undirliggjandi fjárfestingareignum, þ.m.t. lýsing á undirliggjandi gerningum eða viðmiðunargildum, þ.m.t. tilgreining á fjárfestingum, þ.m.t. eftir atvikum, tilteknum umhverfislegum eða félagslegum markmiðum afurðarinnar, svo og með hvaða hætti ávöxtun er ákvörðuð,
  - iii. lýsing á þeirri tegund almenns fjárfestis sem áformað er að markaðssetja pökkuðu og váttryggingatengdu fjárfestingarafurðina til, einkum með tilliti til getu til að þola tap af fjárfestingum og til hve langs tíma fjárfestingin er,
  - iv. ef váttryggingabætur eru hluti af pakkaðri og váttryggingatengdri fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta skal veita nánari upplýsingar um þær, þ.m.t. hvenær réttur til þeirra myndast,
  - v. líftími pakkaðrar og váttryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta, sé hann þekktur,
- d) undir lið sem ber titilinn „Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?“, skal vera stutt lýsing á áhættu- og ávöxtunarsniðinu sem samanstendur af:
- i. samanteknum áhættuvísi, ásamt textaskýringu á þeim vísi, helstu takmörkunum hans og lýsingu í samfelldu máli á þeim áhættum sem teljast mikilvægar fyrir pökkuðu og váttryggingatengdu fjárfestingarafurðina fyrir almenna fjárfesta og endurspeglast ekki á fullnægjandi hátt í samantekna áhættuvísinum,
  - ii. mesta mögulega tap af fjárfestingu, þ.m.t. upplýsingar um:
    - hvort almenni fjárfestirinn geti tapað allri fjárfestingu sinni, eða
    - hvort almenni fjárfestirinn beri áhættu af viðbótarfjárskuldbindingum sem stofnað er til, þ.m.t. óvissum skuldum til viðbótar fjárfestingunni í viðkomandi pakkaðri og váttryggingatengdri fjárfestingarafurð, og
    - eftir atvikum, hvort viðkomandi pökkuð og váttryggingatengd fjárfestingarafurð felur í sér höfuðstólsvörn gegn markaðsáhættu, ásamt upplýsingum um umfang og eðli höfuðstólsvarnarinnar og takmarkanir, einkum að því er varðar gildistíma,
  - iii. viðeigandi sviðsmyndir um vænta ávöxtun og forsendur þeirra,
  - iv. eftir atvikum, upplýsingar um skilyrði fyrir ávöxtun almennra fjárfesta eða um innbyggt ávöxtunarpak,
  - v. yfirlýsingu um að viðeigandi skattalöggjöf heimaríkis almenna fjárfestisins geti haft áhrif á raunverulega útgreiðslu,
- e) undir lið sem ber titilinn „Hvað gerist ef [nafn framleiðanda pakkaðrar og váttryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta] getur ekki greitt út?“, skal vera stutt lýsing á því hvort viðkomandi tap fellur undir ábyrgðarkerfi, og ef svo er um hvaða ábyrgðarkerfi er að ræða og hvaða áhættur falla undir þá vernd,
- f) undir lið sem ber titilinn „Hver er kostnaðurinn?“, skal tilgreina kostnað sem tengist fjárfestingu í viðkomandi pakkaðri og váttryggingatengdri fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta, að meðtöldum bæði beinum og óbeinum kostnaði sem hinn almenni fjárfestir ber, þ.m.t. einskis- og endurtekinn kostnað, sem skal sýndur með samanteknum vísnum um þessa kostnaðarliði og, til

að tryggja samanburðarhæfi, samanlögðum heildarkostnaði tilgreindum í fjárhæðum og hundraðshlutum, til að sýna samanlögð áhrif heildarkostnaðar á fjárfestinguna.

Í lykilupplýsingaskjalinu skal taka skýrt fram að ráðgjafar, dreifingaraðilar eða aðrir aðilar sem veita ráðgjöf um eða selja viðkomandi pakkaða og váttryggingatengdu fjárfestingarafurðina muni veita upplýsingar um dreifingarkostnað sem ekki er þegar innifalinn í ofangreindum kostnaði, til að auðvelda hinum almenna fjárfesti að skilja þau uppsöfnuð áhrif sem þessi samanlagði kostnaður hefur á ávöxtun fjárfestingarinnar,

- g) undir lið sem ber titilinn „Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?“
- i. eftir atvikum, hvort umþóttunartími (e. *cooling off period*) eða uppsagnartími gildi fyrir viðkomandi pakkaða og váttryggingatengda fjárfestingarafurð,
  - ii. tilgreiningu á lágmarksfjárfestingartíma sem mælt er með og, eftir atvikum, krafist,
  - iii. upplýsingar um möguleika á og skilyrði fyrir eignalosun fyrir lokadag, þ.m.t. öll gjöld og viðurlög sem gilda, með hliðsjón af áhættu og ávöxtun viðkomandi pakkaðrar og váttryggingatengdrar fjárfestingarafurðar og markaðsþróuninni sem hún beinist að,
  - iv. upplýsingar um hugsanlegar afleiðingar þess að innleysa eignina fyrir lok viðkomandi tímabil eða ráðlags fjárfestingartíma, svo sem missir höfuðstólsvarnar eða skilyrt viðbótargjöld,
- h) undir lið sem ber titilinn „Hvernig ber ég fram kvörtun?“, upplýsingar um hvernig og við hvern hinn almenni fjárfestir getur lagt fram kvörtun vegna afurðarinnar eða framferðis viðkomandi framleiðanda pakkaðrar og váttryggingatengdrar fjárfestingarafurðar eða aðila sem veitir ráðgjöf um eða selur hana,
- i) undir lið sem ber titilinn „Aðrar upplýsingar sem skipta máli“, skal vera stutt tilgreining á viðbótarupplýsingaskjölum sem afhent eru almenna fjárfestinum fyrir og/eða eftir undirritun samningsins, að undanskildu markaðsefni.
4. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 30. gr., sem tilgreina þá verkferla sem eru notaðir til að ákvarða hvort pökkuð og váttryggingatengd fjárfestingarafurð beinist að tilteknum umhverfislegum eða félagslegum markmiðum.
5. Til að tryggja samræmi við beitingu þessarar greinar skulu evrópsku eftirlitsstofnanirnar, gegnum sameiginlega nefnd evrópsku eftirlitsstofnananna („sameiginlega nefndin“), semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem fram koma:
- a) upplýsingar um framsetningu og efni hvers þáttar upplýsinganna sem um getur í 3. mgr.,
  - b) aðferðin til grundvallar framsetningu á áhættu og ávöxtun eins og um getur í i. og iii. lið d-liðar 3. mgr. og
  - c) aðferðin við útreikning kostnaðar, þ.m.t. tilgreining á samanteknum vísnum, eins og um getur í f-lið 3. mgr.

Við samningu draganna að tæknilegum eftirlitsstöðlum skulu evrópsku eftirlitsstofnanirnar taka tillit til mismunandi tegunda pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta og þess hver munurinn á þeim er og hæfni almennra fjárfesta, svo og eiginleika pökkuðu og váttryggingatengdu fjárfestingarafurðanna, til að gera hinum almenna fjárfesti kleift að velja á milli mismunandi undirliggjandi fjárfestinga eða annarra valkosta sem afurðin býður upp á, þ.m.t. þegar þetta val getur farið fram á mismunandi tímamarkum eða unnt er að breyta því síðar.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. mars 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

*9. gr.*

Markaðsefni sem inniheldur tiltekna upplýsingar um pakkaða og váttryggingatengda fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta skal ekki fela í sér neina yfirlýsingu sem er í mótsögn við upplýsingar í lykilupplýsingaskjalinu eða dregur úr mikilvægi lykilupplýsingaskjalsins. Í markaðsefni skal benda á að lykilupplýsingaskjal sé tiltækt og veita upplýsingar um hvernig og hvar megi nálgast það, þ.m.t. vefsíðu viðkomandi framleiðanda pakkaðrar og váttryggingatengdrar fjárfestingarafurðar.

*10. gr.*

1. Framleiðandi pakkaðrar og váttryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta skal reglulega endurskoða upplýsingarnar í lykilupplýsingaskjalinu og endurbæta það ef endurskoðunin leiðir í ljós að breytinga sé þörf. Gera skal endurbættu útgáfuna aðgengilega þegar í stað.

2. Til að tryggja samræmi við beitingu þessarar greinar skulu Evrópsku eftirlitstofnanirnar, gegnum sameiginlegu nefndina, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:

- a) skilyrði fyrir endurskoðun upplýsinga í lykilupplýsingaskjali,
- b) þær aðstæður þar sem endurskoða verður lykilupplýsingaskjal,
- c) þær tilteknu aðstæður þar sem endurskoða verður upplýsingar í lykilupplýsingaskjali eða endurbæta það ef þökkun og váttryggingatengd fjárfestingarafurð er gerð tiltæk almennum fjárfestum á ósamfelldan hátt,
- d) við hvaða aðstæður skal upplýsa almenna fjárfesta um endurbætt lykilupplýsingaskjal fyrir pakkaða og váttryggingatengda fjárfestingarafurð sem þeir hafa keypt, og hvernig skal staðið að þeirri upplýsingagjöf.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykka tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

*11. gr.*

1. Framleiðandi pakkaðrar og váttryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta bakar sér ekki einkaréttarábyrgð á grundvelli lykilupplýsingaskjalsins eingöngu, þ.m.t. þýðingar á því, nema það sé villandi, feli í sér rangar upplýsingar eða sé í ósamræmi við viðkomandi hluta lagalega bindandi skjala sem eru gerð fyrir eða við samningsgerð eða við þær kröfur sem mælt er fyrir um í 8. gr.

2. Almennur fjárfestir, sem sýnir fram á að tap hafi hlotist af því að reiða sig á lykilupplýsingaskjal við þær aðstæður sem um getur í 1. mgr., þegar hann fjárfesti í pakkaðri og váttryggingatengdri fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta sem lykilupplýsingaskjalið tekur til, getur krafist skaðabóta frá viðkomandi framleiðanda pakkaðrar og váttryggingatengdrar fjárfestingarafurðar vegna þess taps í samræmi við landslög.

3. Hugtök eins og „tap“ eða „skaðabætur“ sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar og eru ekki skilgreind skulu túlkuð og þeim beitt í samræmi við gildandi landslög eins og þau eru ákvörðuð af viðeigandi reglum alþjóðlegs einkamálaréttar.

4. Grein þessi útilokar ekki frekari kröfur vegna einkaréttarábyrgðar í samræmi við landslög.

5. Hvorki skal takmarka né fella niður skuldbindingar samkvæmt þessari grein með samningsákvæðum.

*12. gr.*

Varði lykilupplýsingaskjal váttryggingarsamnings skulu skuldbindingar váttryggingafélagsins samkvæmt þessari reglugerð, aðeins gilda gagnvart váttryggingartaka samkvæmt váttryggingasamningnum en ekki gagnvart réttihafa samkvæmt váttryggingasamningnum.

*III. ÞÁTTUR*

### *Afhending lykilupplýsingaskjals*

#### *13. gr.*

1. Aðili sem veitir ráðgjöf um eða selur pakkaða og váttryggingatengda fjárfestingarafurð skal afhenda almennum fjárfestum lykilupplýsingaskjal með góðum fyrirvara áður en þeir hafa verið bundnir af samningi eða tilboði sem varðar þá afurð.
2. Aðili sem veitir ráðgjöf um eða selur pakkaða og váttryggingatengda fjárfestingarafurð getur fullnægt kröfum í 1. mgr. með því að afhenda lykilupplýsingaskjal aðila sem hefur skriflega heimild til að taka fjárfestingarákvarðanir fyrir hönd almenna fjárfestisins að því er varðar viðskipti sem framkvæmd eru samkvæmt þeirri skriflegu heimild.
3. Þrátt fyrir 1. mgr og með fyrirvara um 1. mgr. 3. gr., a-lið 3. mgr. 3. gr. og 6. gr. tilskipunar 2002/65/EB getur aðili sem selur pakkaða og váttryggingatengda fjárfestingarafurð afhent almennum fjárfesti lykilupplýsingaskjal eftir að viðskiptin fara fram, án ótilhlýðilegrar tafar, ef öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
  - a) almenni fjárfestirinn kýs, að eigin frumkvæði, að hafa samband við aðilann sem selur viðkomandi pakkaða og váttryggingatengda fjárfestingarafurð og framkvæma viðskiptin gegnum fjarsamskiptamiðil,
  - b) ekki er unnt að afhenda lykilupplýsingaskjal í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar,
  - c) aðilinn sem veitir ráðgjöf um eða selur viðkomandi pakkaða og váttryggingatengda fjárfestingarafurð hefur upplýst almenna fjárfestinn um að ekki sé unnt að afhenda lykilupplýsingaskjal og tekið skýrt fram að almenna fjárfestinum sé heimilt að fresta viðskiptunum svo hann geti fengið lykilupplýsingaskjal í hendur og lesið það áður en gengið er frá viðskiptunum,
  - d) almenni fjárfestirinn samþykkir að taka við lykilupplýsingaskjali, án ótilhlýðilegrar tafar, eftir að gengið er frá viðskiptunum, fremur en að fresta viðskiptunum til að fá skjalið í hendur fyrirfram.
4. Ef röð viðskipta varðandi sömu pakkaða og váttryggingatengda fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta fara fram fyrir hönd almenns fjárfestis, í samræmi við fyrirmæli sem hann gefur aðilanum sem selur afurðina áður en fyrstu viðskiptin fara fram gildir skyldan til að afhenda lykilupplýsingaskjal skv. 1. mgr. aðeins um fyrstu viðskiptin, og um fyrstu viðskiptin eftir að lykilupplýsingaskjalið er endurbætt í samræmi við 10. gr.
5. Til að tryggja samræmi við beitingu þessarar greinar skulu evrópsku eftirlitsstofnanirnar, gegnum sameiginlegu nefndina, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina skilyrðin fyrir því að uppfylla kröfuna um að afhenda lykilupplýsingaskjalið eins og mælt er fyrir um í 1. mgr.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

#### *14. gr.*

1. Aðili sem veitir ráðgjöf um eða selur pakkaða og váttryggingatengda fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta skal afhenda lykilupplýsingaskjal án endurgjalds.
2. Aðili sem veitir ráðgjöf um eða selur pakkaða og váttryggingatengda fjárfestingarafurð fyrir almenna fjárfesta skal afhenda lykilupplýsingaskjal á einum af eftirfarandi miðlum:
  - a) á pappír, sem ætti að vera sjálfgefinn kostur þegar pökkuð og váttryggingatengd fjárfestingarafurð er boðin augliti til auglitis, nema almenni fjárfestirinn fari fram á annað,
  - b) á varanlegum miðli öðrum en pappír, að uppfylltum skilyrðum 4. mgr., eða
  - c) gegnum vefsíðu, að uppfylltum skilyrðum 5. mgr.
3. Ef lykilupplýsingaskjal er afhent á öðrum varanlegum miðli en pappír eða gegnum vefsíðu skal afhenda almennum fjárfestum pappírseintak samkvæmt beiðni og án endurgjalds. Upplýsa skal almenna fjárfesta um rétt þeirra til að fara fram á pappírseintak án endurgjalds.

4. Heimilt er að afhenda lykilupplýsingaskjal á öðrum varanlegum miðli en pappír, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
- notkun viðkomandi varanlegs miðils er viðeigandi í samhengi viðskiptanna milli aðilans sem veitir ráðgjöf um eða selur pökkuðu og váttryggingatengdu fjárfestingarafurðina og almenna fjárfestisins og
  - almenna fjárffestinum hafi verið gefið val á milli þess að fá upplýsingar á pappír og á varanlegum miðli og hann hafi valið síðari kostinn með sannanlegum hætti.
5. Heimilt er að afhenda lykilupplýsingaskjal á vefsíðu sem uppfyllir ekki skilgreininguna á varanlegum miðli, ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
- afhending lykilupplýsingaskjals á vefsíðu sé viðeigandi í samhengi viðskiptanna milli aðilans sem veitir ráðgjöf um eða selur pökkuðu og váttryggingatengdu fjárfestingarafurðina og almenna fjárfestisins,
  - almenna fjárffestinum hafi verið gefið val á milli þess að fá upplýsingar á pappír og á vefsíðu og hann hafi valið síðari kostinn með sannanlegum hætti,
  - almenna fjárffestinum hafi verið tilkynnt rafrænt eða skriflega um veffang vefsíðu og hvar á vefsíðunni nálgast megi lykilupplýsingaskjalið,
  - lykilupplýsingaskjalið verði aðgengilegt á vefsíðunni, niðurhalanlegt og aðgengilegt á varanlegum miðli, í þann tíma sem almenni fjárfestirinn gæti þurft að skoða það.

Ef lykilupplýsingaskjal hefur verið endurbætt í samræmi við 10. gr. skal einnig afhenda fyrri útgáfur þess að beiðni almenna fjárfestisins.

6. Að því er varðar 4. og 5. mgr. skal afhending upplýsinga á varanlegum miðli öðrum en pappír eða á vefsíðu teljast viðeigandi í samhengi viðskiptanna milli aðilans sem veitir ráðgjöf um eða selur pakkaða og váttryggingatengda fjárfestingarafurð og almenna fjárfestisins, ef unnt er að sýna fram á að almenni fjárfestirinn hafi reglulegan aðgang að Netinu. Litið skal á það sem slíka sönnun ef almenni fjárfestirinn hefur gefið upp netfang vegna þeirra viðskipta.

### III. KAFLI

#### MARKAÐSEFTIRLIT OG HEIMILDIR TIL AFURÐAÍHLUTUNAR

##### 15. gr.

- Í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010, skal Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hafa eftirlit með markaðnum fyrir váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir sem eru markaðssettar, þeim dreift eða þær seldar í Sambandinu.
- Lögbær yfirvöld skulu hafa eftirlit með markaðnum fyrir váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir sem eru markaðssettar, þeim dreift eða þær seldar í eða frá aðildarríki þeirra.

##### 16. gr.

- Í samræmi við 5. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 getur Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin, að uppfylltum skilyrðum 2. og 3. mgr. þessarar greinar, tímabundið bannað eða takmarkað eftirfarandi í Sambandinu:
  - markaðssetningu, dreifingu eða sölu tiltekinna váttryggingatengdra fjárfestingarafurða eða váttryggingatengdra fjárfestingarafurða með tiltekna, tilgreinda eiginleika, eða
  - tiltekna tegund fjármálastarfsemi eða framkvæmd váttrygginga- eða endurtryggingafélags.

Bann eða takmörkun getur gilt við aðstæður, eða verið háð undanþágum, sem Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin tilgreinir.

- Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal aðeins taka ákvörðun skv. 1. mgr. að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:



- a) fyrirhugaðri aðgerð sé beint að verulegu áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða beint að ógn við eðlilega virkni og heilleika fjármálamarkaða eða við stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfinu í Sambandinu,
- b) kröfur samkvæmt lögum Sambandsins sem gilda um viðkomandi váttryggingatengda fjárfestingarafurð eða starfsemi taki ekki á ógninni,
- c) lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld hafi ekki gripið til aðgerða til að taka á ógninni, eða aðgerðirnar sem gripið hefur verið til taki ekki á ógninni með fullnægjandi hætti.

Að uppfylltum skilyrðum fyrstu undirgreinar getur Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin lagt á bann eða takmörkun skv. 1. mgr. í varúðarskygni, áður en váttryggingatengda fjárfestingarafurðin hefur verið sett á markað eða seld almennum fjárfestum.

3. Þegar Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin grípur til aðgerða samkvæmt þessari grein skal tryggja að aðgerðin:

- a) hafi ekki skaðleg áhrif á skilvirkni fjármálamarkaða eða á fjárfesta sem eru óhófleg miðað við ávinning aðgerðanna, og
- b) valdi ekki hættu á eftirlitshögnun.

Þegar lögbært yfirvald hefur eða lögbær yfirvöld hafa gripið til ráðstafana skv. 17. gr. getur Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin gert allar þær ráðstafanir sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar án þess að birta álit eins og kveðið er á um í 18. gr.

4. Áður en Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin grípur til aðgerða samkvæmt þessari grein, skal tilkynna lögbærum yfirvöldum um fyrirhugaðar aðgerðir.

5. Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal birta á vefsíðu sinni tilkynningar um allar ákvarðanir um að grípa til aðgerða samkvæmt þessari grein. Slíkar tilkynningar skulu hafa að geyma upplýsingar um bannið eða takmörkunina og hvenær eftir birtingu tilkynningarinnar, ráðstafanirnar öðlast gildi. Bannið eða takmörkunin skal aðeins gilda um aðgerðir sem gripið er til eftir að ráðstafanirnar öðlast gildi.

6. Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal endurskoða bann eða takmörkun sem lögð er á skv. 1. mgr. með hæfilegu millibili og eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti. Ef bann eða takmörkun er ekki endurnýjuð eftir þriggja mánaða tímabil skal það falla úr gildi.

7. Aðgerðir sem Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin grípur til samkvæmt þessari grein skulu ganga framarröðum fyrir aðgerðum sem lögbært yfirvald hefur áður gripið til.

8. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 30. gr. sem tilgreina viðmið og þætti sem Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni ber að taka tillit til þegar ákveðið er hvort um sé að ræða verulegt áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða ógn við eðlilega virkni og heilleika fjármálamarkaða eða við stöðugleika alls eða hluta fjármálakerfis Sambandsins eins og um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr.

Þessi viðmið og þættir skulu taka til:

- a) þess hve flókin váttryggingatengda fjárfestingarafurðin er og tengslanna við þá tegund fjárfestis sem hún er markaðssett og seld til,
- b) stærðar eða undirliggjandi verðmætis váttryggingatengdu fjárfestingarafurðarinnar,
- c) þess hve mikið nýnæmi felst í váttryggingatengdu fjárfestingarafurðinni, starfseminni eða framkvæmdinni, og
- d) þeirrar vogunar sem afurðin eða starfshættirnir fela í sér.

#### 17. gr.

1. Lögbært yfirvald getur bannað eða takmarkað eftirfarandi í eða frá aðildarríki sínu:

a) markaðssetningu, dreifingu eða sölu váttryggingatengdra fjárfestingarafurða eða váttryggingatengdra fjárfestingarafurða með tiltekna, tilgreinda eiginleika, eða

b) tiltekna tegund fjármálastarfsemi eða framkvæmd váttrygginga- eða endurtryggingafélags.

2. Lögbært yfirvald getur gripið til þeirra aðgerða sem um getur í 1. mgr. ef það telur, af gildum ástæðum:

a) að váttryggingatengd fjárfestingarafurð, starfsemi eða framkvæmd valdi verulegu áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða ógni eðlilegri virkni og heilleika fjármálamarkaða eða stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfinu í a.m.k. einu aðildarríki,

b) að gildandi kröfur samkvæmt lögum Sambandsins sem eiga við um váttryggingatengdu fjárfestingarafurðina, starfsemi eða framkvæmd taki ekki nægjanlega á þeirri áhættu sem um getur í a-lið og að ekki verði betur tekið á málinu með bættu eftirliti eða framfylgd gildandi krafna,

c) að aðgerðin sé hófleg með tilliti til eðlis greindrar áhættu, hæfni viðkomandi fjárfesta eða markaðsaðila og líklegra áhrifa aðgerðarinnar á fjárfesta og markaðsaðila sem kunna að eiga, nota eða hafa ávinning af váttryggingatengdu fjárfestingarafurðinni, starfseminni eða framkvæmdinni,

d) að lögbæra yfirvaldið hafi haft tilhlýðilegt samráð við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum sem aðgerðin getur haft veruleg áhrif á, og

e) að aðgerðin mismuni ekki starfsemi eða þjónustu sem er veitt frá öðru aðildarríki.

Að uppfylltum skilyrðum fyrstu undirgreinar getur lögbært yfirvald lagt á bann eða takmörkun skv. 1. mgr. í varúðarskyni, áður en váttryggingatengda fjárfestingarafurðin hefur verið sett á markað eða seld fjárfestum. Bann eða takmörkun getur gilt við aðstæður, eða verið háð undanþágum, sem lögbæra yfirvaldið tilgreinir.

3. Lögbæra yfirvaldið skal ekki leggja á bann eða takmörkun samkvæmt þessari grein nema það hafi, a.m.k. einum mánuði áður en ráðstöfuninni er ætlað að taka gildi, greint öllum öðrum viðkomandi lögbærum yfirvöldum og Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni, skriflega eða með öðrum hætti sem samkomulag ríkir um, frá:

a) váttryggingatengdu fjárfestingarafurðinni, starfseminni eða framkvæmdinni sem fyrirhuguð aðgerð tengist,

b) eðli fyrirhugaðs banns eða takmörkunar í ítarlegum atriðum og hvenær slíku banni eða takmörkun er ætlað að taka gildi, og

c) þeim gögnum sem ákvörðunin byggir á og hvernig öll skilyrði 2. mgr. eru uppfyllt.

4. Í undantekningartilvikum þar sem lögbært yfirvald telur nauðsynlegt að grípa til brýnna aðgerða samkvæmt þessari grein til að koma í veg fyrir tjón af völdum váttryggingatengdra fjárfestingarafurða, starfsemi eða framkvæmd sem um getur í 1. mgr., getur lögbæra yfirvaldið gripið til aðgerða til bráðabirgða með minnst 24 klukkustunda skriflegum fyrirvara áður en ráðstöfuninni er ætlað að taka gildi, handa öllum öðrum lögbærum yfirvöldum og Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni, að því tilskildu að öll viðmið þessarar greinar séu uppfyllt og auk þess hafi verið sýnt fram á með skýrum hætti að eins mánaðar fyrirvari myndi koma í veg fyrir að tekið væri á fyrirbyggjandi vandamáli eða ógn á fullnægjandi hátt. Hið lögbæra yfirvald skal ekki grípa til bráðabirgða aðgerða til lengri tíma en þriggja mánaða.

5. Hið lögbæra yfirvald skal birta á vefsíðu sinni tilkynningu um allar ákvarðanir um að leggja á bann eða takmörkun sem um getur í 1. mgr. Í tilkynningunni skulu koma fram upplýsingar um bannið eða takmörkunina, hvenær ráðstafanirnar taka gildi eftir birtingu tilkynningarinnar og þau gögn sem það byggir það álit sitt á að öll skilyrði 2. mgr. séu uppfyllt. Bannið eða takmörkunin skal aðeins gilda í tengslum við aðgerðir sem gripið er til eftir birtingu tilkynningarinnar.

6. Hið lögbæra yfirvald skal afnema bannið eða takmörkunina ef skilyrði 2. mgr. eiga ekki lengur við.

7. Framkvæmdastjórnin skal samþykka framseldar gerðir í samræmi við 30. gr. sem tilgreina viðmið og þætti sem lögbærum yfirvöldum ber að taka tillit til þegar þau ákvarða hvort um sé að ræða verulegt áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða ógn við eðlilega virkni og heilleika fjármálamarkaða eða við stöðugleika fjármálakerfisins í a.m.k. einu aðildarríki sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr.

Þessi viðmið og þættir skulu taka til:

a) þess hve flókin váttryggingatengda fjárfestingarafurðin er og tengslanna við þá tegund fjárfestis sem hún er markaðssett og seld

til,

- b) þess hve mikið nýnæmi felst í váttryggingatengdu fjárfestingarafurðinni, starfseminni eða framkvæmdinni,
- c) þeirrar vogunar sem afurðin eða framkvæmdin felur í sér,
- d) í tengslum við eðlilega virkni og heilleika fjármálamarkaða, stærð eða undirliggjandi verðmæti hinnar váttryggingatengdu fjárfestingarafurðar.

*18. gr.*

1. Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal gegna því hlutverki að greiða fyrir og samræma aðgerðir sem lögbær yfirvöld grípa til skv. 17. gr. Einkum skal Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin tryggja að aðgerðir sem lögbært yfirvald grípur til séu réttlætunarlegar og hóflegar og, eftir því sem við á, samræmda nálgun lögbærra yfirvalda.
2. Að fenginni tilkynningu skv. 17. gr. um aðgerð sem gripið er til samkvæmt þeirri grein skal Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin mynda sér álit á því hvort bannið eða takmörkunin sé réttlætunarleg og hófleg. Telji Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin að nauðsynlegt sé að önnur lögbær yfirvöld grípi til aðgerða til að bregðast við áhættunni, skal hún taka það fram í álitinu sínu. Álitnið skal birt á vefsíðu Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar.
3. Hyggist lögbært yfirvald grípa til, eða grípur til, aðgerða þvert á álitni Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar skv. 2 mgr., eða synjar um að grípa til aðgerða þrátt fyrir slíkt álit, skal það þegar í stað birta á vefsíðu sinni tilkynningu sem gerir fulla grein fyrir ástæðum þessa.

*IV. KAFLI*

**KVARTANIR, ÚRLAUSN, SAMSTARF OG EFTIRLIT**

*19. gr.*

Framleiðandi pakkaðrar og váttryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta og aðili sem veitir ráðgjöf um eða selur slíkar afurðir skulu koma á fót viðeigandi verkferlum og ráðstöfunum sem tryggja að:

- a) almennir fjárfestar geti á skilvirkan hátt lagt fram kvörtun gegn framleiðanda pökkuðu og váttryggingatengdu fjárfestingarafurðarinnar,
- b) almennir fjárfestar sem hafa lagt fram kvörtun í tengslum við lykilupplýsingaskjal fái efnislegt svar tímanlega og á viðeigandi hátt og
- c) skilvirk úrlausnarferli standi einnig almennum fjárfestum til boða ef til deilna kemur yfir landamæri, einkum ef framleiðandi pakkaðrar og váttryggingatengdrar fjárfestingarafurðar er staðsettur í öðru aðildarríki eða í þriðja landi.

*20. gr.*

1. Við beitingu þessarar reglugerðar skulu lögbær yfirvöld vinna saman og afhenda hvert öðru, án ástæðulausrar tafar, þær upplýsingar sem skipta máli við störf þeirra samkvæmt þessari reglugerð og við beitingu valdheimilda þeirra.
2. Lögbær yfirvöld skulu, í samræmi við landslög, hafa allar þær eftirlits- og rannsóknarheimildir sem nauðsynlegar eru til að sinna hlutverki sínu samkvæmt þessari reglugerð.

*21. gr.*

1. Aðildarríki skulu beita tilskipun 95/46/EB að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer í viðkomandi aðildarríki samkvæmt þessari reglugerð.
2. Reglugerð (EB) nr. 45/2001 gildir um vinnslu evrópsku eftirlitsstofnananna á persónuupplýsingum.

*V. KAFLI*

**STJÓRNSÝSLUVIÐURLÖG OG AÐRAR RÁÐSTAFANIR**

22. gr.

1. Með fyrirvara um eftirlitsheimildir lögbærra yfirvalda og rétt aðildarríkja til að kveða á um og beita refsiviðurlögum, skulu aðildarríki setja reglur um viðeigandi stjórnsluviðurlög og ráðstafanir sem gilda um aðstæður sem fela í sér brot á þessari reglugerð og skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja framkvæmd þeirra. Þessi viðurlög og ráðstafanir skulu vera skilvirk, hófleg og hafa varnaðaráhrif.

Aðildarríkjum er heimilt að ákveða að mæla ekki fyrir um reglur um stjórnsluviðurlög sem um getur í fyrstu undirgrein vegna brota sem falla undir refsiviðurlög samkvæmt landslögum þeirra.

Eigi síðar en 31. desember 2016, skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni og sameiginlegu nefndinni um þær reglur sem um getur í fyrstu undirgrein. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og sameiginlegu nefndinni án tafar um hvers konar síðari breytingar á reglunum.

2. Við beitingu valdheimilda skv. 24. gr. skulu lögbær yfirvöld starfa náið saman til að tryggja að stjórnsluviðurlög og ráðstafanir leiði til þeirrar niðurstöðu sem leitast er eftir með þessari reglugerð og samræma aðgerðir sínar til að komast hjá tvíverknaði og skörun við beitingu stjórnsluviðurlaga og annarra ráðstafana í tilvikum sem ná yfir landamæri.

23. gr.

Lögbær yfirvöld skulu beita heimildum sínum til að leggja á viðurlög í samræmi við þessa reglugerð og landslög með einhverjum eftirfarandi hætti:

- a) með beinum hætti,
- b) í samstarfi við önnur yfirvöld,
- c) á eigin ábyrgð með framsali verkefna til slíkra yfirvalda,
- d) með því að leita til lögbærra dómsyfirvalda.

24. gr.

1. Grein þessi gildir um brot á 5. gr. (1. mgr.), 6. og 7. gr., 8. gr. (1.–3. mgr.), 9. gr., 10. gr. (1. mgr.), 13. gr. (1., 3. og 4. mgr.) og 14. og 19. gr.

2. Lögbær yfirvöld skulu hafa vald til að beita, í samræmi við landslög, a.m.k. eftirfarandi stjórnsluviðurlögum og ráðstöfunum:

- a) fyrirmælum sem banna markaðssetningu pakkaðrar og váttryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta,
- b) fyrirmælum sem stöðva tímabundið markaðssetningu pakkaðrar og váttryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta,
- c) opinberri viðvörun sem tilgreinir hinn brotlega og eðli brotsins,
- d) fyrirmælum sem banna afhendingu lykilupplýsingaskjals sem er ekki í samræmi við kröfur í 6., 7., 8. og 10. gr. og krefjast birtingar nýrrar útgáfu lykilupplýsingaskjals,
- e) stjórnslusektum sem nema a.m.k.:
  - i. þegar um ræðir lögaðila:
    - allt að 5 000 000 evrum eða, í þeim aðildarríkjum sem hafa ekki evru sem gjaldmiðil, samsvarandi fjárhæð í gjaldmiðli viðkomandi ríkis hinn 30. desember 2014, eða allt að 3% af heildarársveltu viðkomandi lögaðila samkvæmt síðustu tiltæku reikningsskilum sem stjórnin hefur samþykkt, eða
    - allt að tvöfaldri fjárhæð hagnaðarins af brotinu eða tapsins sem komist er hjá með því, ef unnt er að ákvarða slíkt,

ii. þegar um ræðir einstakling:

- allt að 700 000 evrum eða, í þeim aðildarríkjum sem hafa ekki evru sem gjaldmiðil, samsvarandi fjárhæð í gjaldmiðli viðkomandi ríkis hinn 30. desember 2014, eða
- allt að tvöfaldri fjárhæð hagnaðarins af brotinu eða tapsins sem komist er hjá með því, ef unnt er að ákvarða slíkt.

Ef lögaðilinn sem um getur í i-lið e-liðar fyrstu undirgreinar, er móðurfélag eða dótturfélag móðurfélags sem ber að gera samstæðureikningsskil samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB<sup>(20)</sup>, skal viðkomandi heildarársvelta vera heildarvelta á ári eða samsvarandi tegund tekna í samræmi við viðkomandi lög Sambandsins um reikningsskil samkvæmt síðasta fyrirbyggjandi samstæðureikningi sem stjórn hins endanlega móðurfélags hefur samþykkt.

3. Aðildarríki geta kveðið á um frekari viðurlög eða ráðstafanir og um hærri stjórnsýslusektir en sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

4. Ef lögbær yfirvöld hafa lagt á eina eða fleiri stjórnsýslusektir eða gert eina eða fleiri ráðstafanir í samræmi við 2. mgr., skulu þau hafa vald til að senda frá sér, eða krefjast þess að viðkomandi framleiðandi pakkaðrar og váttryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta eða aðili sem veitir ráðgjöf um eða selur afurðina sendi frá sér orðsendingu beint til hlutaðeigandi almenns fjárfestis með upplýsingum um viðkomandi stjórnsýsluviðurlög eða -ráðstafanir og hvar leggja megi fram kvartanir eða kröfu um úrlausn deilumála.

#### 25. gr.

Lögbær yfirvöld skulu beita þeim stjórnsýsluviðurlögum og -ráðstöfunum sem um getur í 2. mgr. 24. gr. að teknu tilliti til allra viðeigandi aðstæðna, þ.m.t., þegar við á:

- a) alvarleika og tímalengdar brotsins,
- b) þess hve mikla ábyrgð hinn brotlegi ber á brotinu,
- c) áhrifa brotsins á hagsmuni almennra fjárfesta,
- d) samstarfsvilja hins brotlega,
- e) fyrri brota hins brotlega,
- f) ráðstafana sem hinn brotlegi gerir eftir brotið í þeim tilgangi að koma í veg fyrir endurtekningu þess.

#### 26. gr.

Ákvarðanir um að leggja á viðurlög og gera ráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð skulu falla undir rétt til málskots.

#### 27. gr.

1. Hafi lögbært yfirvald kunngert um stjórnsýsluviðurlög eða -ráðstafanir opinberlega skal það samtímis tilkynna lögbærri evrópskri eftirlitsstofnun um stjórnsýsluviðurlögin eða -ráðstafanirnar.
2. Lögbært yfirvald skal árlega veita lögbæru evrópsku eftirlitsstofnuninni samanteknar upplýsingar um öll stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir sem beitt hefur verið í samræmi við 22. gr. og 2. mgr. 24. gr.
3. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu birta þær upplýsingar sem um getur í þessari grein í árlegum skýrslum sínum.

#### 28. gr.

---

<sup>(20)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinnna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

1. Lögbær yfirvöld skulu koma á skilvirkum kerfum til að gera kleift að tilkynna brot eða möguleg brot á þessari reglugerð til þeirra.
2. Kerfin sem um getur í 1. mgr. skulu a.m.k. fela í sér:
  - a) tiltekin ferli til móttöku tilkynninga um brot eða möguleg brot og eftirfylgni þeirra,
  - b) fullnægjandi vernd starfsfólks sem tilkynnir um brot sem eru framin hjá vinnuveitanda þeirra, a.m.k. gegn hefndaraðgerðum, mismunun eða annarri ósanngjarnri meðferð,
  - c) trúnað um deili bæði aðilans sem tilkynnir brotið og einstaklingsins sem sakaður er um brotið, á öllum stigum málsmeðferðarinnar, nema um sé að ræða upplýsingaskyldu samkvæmt landslögum í tengslum við frekari rannsókn eða dómsmál sem af hlýst.
3. Aðildarríki geta kveðið á um að lögbær yfirvöld komi á frekari kerfum samkvæmt landslögum.
4. Aðildarríki geta krafist þess af vinnuveitendum, sem stunda starfsemi er lýtur eftirliti sem fjármálaþjónusta, að þeir hafi viðhlítandi ferla fyrir starfsfólk sitt til að tilkynna innanhúss um brot eða möguleg brot með tiltekinni, óháðri og sjálfstæðri boðleið.

29. gr.

1. Ákvörðun sem ekki er unnt að áfrýja og felur í sér beitingu stjórnsýsluviðurlaga eða -ráðstöfunar vegna brota sem um getur í 1. mgr. 24. gr., skal lögbært yfirvald birta á vefsíðu sinni, án ótilhlýðilegrar tafar, eftir að aðilinn sem beittur er viðkomandi viðurlögum eða ráðstöfun hefur verið upplýstur um þá ákvörðun.

Birtingin skal að lágmarki fela í sér eftirfarandi upplýsingar:

- a) tegund og eðli brotsins,
- b) deili á hinum brotlega aðila.

Þessi skylda gildir ekki um ákvarðanir um að beita ráðstöfunum sem eru rannsóknarlegs eðlis.

Telji lögbært yfirvald að birting sem tilgreinir deili á lögaðila eða persónuupplýsingar einstaklinga sé óhófleg miðað við tilefnið, að undangengnu meðalhófsmati í hverju tilviki fyrir sig á birtingu slíkra gagna, eða ef birtingin myndi tefla stöðugleika fjármálamarkaðarins eða áframhaldandi rannsókn í tvísýnu, skal lögbæra yfirvaldið:

- a) fresta birtingu ákvörðunarinnar um að beita viðurlögum eða ráðstöfun þar til ástæður þess að birta hana ekki eru ekki lengur fyrir hendi,
- b) birta ákvörðunina um að beita viðurlögum eða annarri ráðstöfun án nafngreiningar með hætti sem samræmist landslögum, ef slík birting án nafngreiningar tryggir skilvirka vernd viðkomandi persónuupplýsinga, eða
- c) ekki birta ákvörðunina um að beita viðurlögum eða annarri ráðstöfun í tilvikum þar sem valkostirnir í a- og b-lið eru taldir vera ófullnægjandi til að tryggja:
  - i. að stöðugleika fjármálamarkaða sé ekki stofnað í hættu,
  - ii. meðalhóf við birtingu slíkra ákvarðana, sé um að ræða ráðstafanir sem teljast minniháttar.

2. Lögbær yfirvöld skulu upplýsa evrópsku eftirlitsstofnanirnar um öll stjórnsýsluviðurlög eða -ráðstafanir sem beitt er en eru ekki gerðar opinberar í samræmi við c-lið þriðju undirgreinar 1. mgr., þ.m.t. hverja áfrýjun í tengslum við þau og niðurstöðu hennar.

Ef um er að ræða ákvörðun um að kunngera viðurlög eða ráðstöfun án nafngreiningar er heimilt að fresta birtingu viðkomandi gagna í hæfilegan tíma ef áætlað er að ástæður birtingar án nafngreiningar verði ekki lengur fyrir hendi þegar sá tími rennur út.

3. Kveði landslög á um birtingu ákvörðunar um að beita viðurlögum eða ráðstöfun sem unnt er að skjóta til þar til bærts dómsvalds eða annarra yfirvalda, skulu lögbær yfirvöld, án ótilhlýðilegrar tafar, einnig birta á vefsíðu sinni slíkar upplýsingar og allar síðari upplýsingar um niðurstöðu slíks málskots. Auk þess skal birta allar ákvarðanir um ógildingu fyrri ákvörðunar um beitingu viðurlaga

eða ráðstöfunar sem hefur verið birt.

4. Lögbær yfirvöld skulu tryggja að allar birtingar samkvæmt þessari grein verði áfram á vefsíðu þeirra í a.m.k. fimm ár eftir birtingu. Persónuupplýsingar, sem birtingin tekur til, skulu einungis vera á vefsíðu lögbæru yfirvaldanna þann tíma sem nauðsynlegur er í samræmi við gildandi reglur um persónuvernd.

#### VI. KAFLI

### LOKAÁKVÆÐI

#### 30. gr.

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir sem um getur í 4. mgr. 8. gr., 8. mgr. 16. gr. og í 7. mgr. 17. gr. í þrjú ár frá og með 30. desember 2014. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um framsal valds eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok þriggja ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.
3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal þess valds sem um getur í 4. mgr. 8. gr., 8. mgr. 16. gr. og 7. mgr. 17. gr. Með ákvörðun um afturköllun er bundinn endi á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða á síðari degi sem tilgreindur er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
5. Framseld gerð sem er samþykkt skv. 8. gr. (4. mgr.), 16. gr. (8. mgr.) eða 17. gr. (7. mgr.) skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins, eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um þrjú mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

#### 31. gr.

Samþykki framkvæmdastjórnin tæknilega eftirlitsstaðla skv. 8. gr. (5. mgr.), 10. gr. (2. mgr.) eða 13. gr. (5. mgr.), sem eru þeir sömu og í drögunum að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem evrópsku eftirlitsstofnanirnar hafa lagt fram, skal tímabilið sem Evrópuþinginu og ráðinu er heimilt að andmæla þessum tæknilegu eftirlitsstöðlum, þrátt fyrir ákvæði annarrar undirgreinar 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 og til að taka tillit til þess hve flókin og umfangsmikil þau mál sem þar er fjallað um eru, vera tveir mánuðir frá tilkynningardeg. Heimilt er að framlengja þetta tímabil um einn mánuð að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

#### 32. gr.

1. Rekstrarfélög eins og þau eru skilgreind í b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/65/EB, fjárfestingarfélög eins og um getur í 27. gr. hennar og aðilar sem veita ráðgjöf um eða selja hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðs eins og um getur í 2. mgr. 1. gr. hennar, skulu undanþegin skyldum samkvæmt þessari reglugerð til 31. desember 2019.
2. Beiti aðildarríki reglum um form og efni lykilupplýsingaskjals, eins og mælt er fyrir um 78.–81. gr. tilskipunar 2009/65/EB, gagnvart sjóðum sem eru ekki verðbréfasjóðir (e. *non-UCITS funds*) og boðnir eru almennum fjárfestum, skal undanþágan sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar gilda um rekstrarfélög, fjárfestingarfélög og aðila sem veita ráðgjöf um eða selja hlutdeildarskírteini í slíkum sjóðum til almennra fjárfesta.

#### 33. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð eigi síðar en 31. desember 2018. Endurskoðunin skal, á grundvelli upplýsinga sem evrópsku eftirlitsstofnanirnar hafa fengið í hendur, fela í sér almenna athugun á því hvernig viðvörðunin um skilning virkar, að teknu tilliti til hvers kyns leiðbeininga sem lögbær yfirvöld hafa þróað hvað þetta varðar. Hún skal einnig fela í sér könnun á beitingu reglnanna sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð í framkvæmd, að teknu tilhlýðilegu tilliti til þróunar á mörkuðum afurða fyrir almenna fjárfesta og hagkvæmni, kostnaðar og hugsanlegs ávinnings af því að innleiða merki fyrir samfélags- og

umhverfislegar fjárfestingar. Hluti af endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar skal felst í neytendaprófunum og athugun á öðrum valkostum en lagasetningu og á niðurstöðum endurskoðunar á reglugerð (ESB) nr. 346/2013 að því er varðar c-, e- og g-lið 1. mgr. 27. gr. hennar.

Að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) eins og þeir eru skilgreindir í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2009/65/EB, skal með endurskoðuninni meta hvort umbreytingarfyrirkomulagið skv. 32. gr. þessarar reglugerðar skuli framlengt eða hvort, að lokinni greiningu á nauðsynlegum breytingum, unnt sé að skipta ákvæðum um lykilupplýsingar fyrir fjárfesta í tilskipun 2009/65/EB út fyrir lykilskjalið fyrir fjárfesta samkvæmt þessari reglugerð eða telja þær jafngildar því. Við endurskoðunina skal einnig huga að hugsanlegri rýmkun á gildissviði þessarar reglugerðar til annarra fjármálaafurða og meta hvort undanþága afurða frá gildissviði þessarar reglugerðar eigi að gilda áfram, á grundvelli traustra viðmiða um neytendavernd, þ.m.t. samanburðar milli fjármálaafurða. Við endurskoðunina skal einnig meta hvort viðeigandi sé að innleiða sameiginlegar reglur um að öllum aðildarríkjum beri að kveða á um stjórnábyrgðarlög vegna brota á þessari reglugerð.

2. Framkvæmdastjórnin skal meta, eigi síðar en 31. desember 2018, á grundvelli vinnu sem Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin innir af hendi í tengslum við birtingu á kröfum um afurðaupplýsingar, hvort hún eigi að leggja til nýja lagagerð sem tryggi viðeigandi birtingu á kröfum um afurðaupplýsingar fyrir þessar afurðir eða hvort fella eigi lífeyrisafurðir sem um getur í e-lið 2. mgr. 2. gr. undir gildissvið þessarar reglugerðar.

Framkvæmdastjórnin skal við matsgerðina tryggja að slíkar ráðstafanir dragi ekki úr kröfum um upplýsingagjöf í aðildarríkjum sem búa þegar yfir kerfum til upplýsingagjafar fyrir slíkar lífeyrisafurðir.

3. Að höfðu samráði við sameiginlegu nefndina skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið í tengslum við 1. og 2. mgr., ásamt meðfylgjandi tillögum að nýrri löggjöf, ef við á.

4. Eigi síðar en 31. desember 2018 skal framkvæmdastjórnin gera markaðskönnun til að ákvarða hvort reiknitól sem gera almennum fjárfestum kleift að reikna út heildarkostnað og gjöld vegna pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða, séu aðgengileg á Netinu og hvort þau séu án endurgjalds. Framkvæmdastjórnin skal semja skýrslu um hvort þessi tól veiti áreiðanlega og nákvæma útreikninga fyrir allar afurðir sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar.

Leiði könnunin í ljós að engin slík tól séu til eða að þau töl sem eru til geri almennum fjárfestum ekki kleift að gera sér grein fyrir heildarfjárhæð kostnaðar og gjalda vegna pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða skal framkvæmdastjórnin meta kosti þess að evrópsku eftirlitsstofnanirnar, gegnum sameiginlegu nefndina, semji drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum með forskriftum um slík tól á vettvangi Sambandsins.

34. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 31. desember 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg, 26. nóvember 2014.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. SCHULZ

S. GOZI

*forseti.*

*forseti.*